

**Nd.**

**184. Frumvarp til laga**

um löggilding verzlunarstaðar í Auðkúlubót í Auðkúluhreppi í Arnarfirði.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Í Auðkúlubót í Arnarfirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Löggilding þessi kemur til framkvæmda, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**G r e i n a r g e r ð .**

Það er mælt til löggildingar á Auðkúlubót vegna þess, að þar hefir nú verið tekin upp verzlun. Höfnin þar er ágæt. Eðlileg hafnartakmörk mundu vera innan frá Rafnseyrarodda og út í Auðkúlubótartanga.